

SAMÞYKKT

um gatnagerðargjöld í Skeiðahreppi.

1. gr.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkun eldri húsa á lóðum Skeiðahrepps á Brautarholts-
svæðinu skal greiða gatnagerðargjöld – gatnagerðargjöld A – til sveitarsjóðs samkvæmt
gjaldskrá þessari. Gatnagerðargjaldið er framlag lóðarhafa til að undirbyggja götu með
tilheyrandi lögnum.

2. gr.

Gatnagerðargjaldið skal vera 1.5% byggingarkostnaðar pr. rúmmetra eins og hann er
hverju sinni á vísitöluhúsi samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands.

Við álagningu gatnagerðargjalds skal miða við stærð húss samkvæmt samþykktum
upprætti.

3. gr.

Gjald samkvæmt 2. gr. skal reikna miðað við byggingarkostnað vísitöluhússins eins og
hann kann að vera þann dag, þegar teikning er endanlega samþykkt í byggingarnefnd.

4. gr.

Gatnagerðargjald skal greiða að fullu innan tveggja mánaða frá því hreppsnefnd veitir
byggingarleyfi, nema um annað sé samið.

5. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt
vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, og tekur einnig til váttryggingarfjár
hennar.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Skeiðahrepps í Árnassýslu,
staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi
þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. maí 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.